

Nr. 122/ 15 Bjartur NK 121***Skipverji slasast við togveiðar***

Skipaskr.nr. 1278 IMO nr. 7237987
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál
Stærð: 461 brl. 658 brt.
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24 m
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m
Vél: MaK 1472 kW, 1983
Fjöldi skipverja: 15



Bjartur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Pann 11. nóvember 2015 var Bjartur NK 121 á togveiðum á Austfjarðarmiðum. Veður: Logn og sjólítið.

Þegar verið var að láta trollið fara ætlaði skipverji að lyfta undir dauðalegginn fyrir framan skutrennulokann en við það klemmdist hann á hægri hendi með þeim afleiðingum að hann slasaðist á löngutöng og vísifingri.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn ætlaði að taka dauðalegginn inn fyrir lunninguna og var of fljótur á sér og tók í hann fyrir framan skutrennukeflið í staðinn fyrir aftan keflið eins og á að gera;
- að bátsmaðurinn sem var við stjórn á spilum varð ekki var við slysið;
- að allir skipverjar á þilfari voru í talstöðvar sambandi við stjórnendur í brú;
- að skipverjinn var búinn að vera í afleysingum á skipinu í um eitt ár og hafði ekki fengið leiðbeiningar um þessa hættu;
- að fram kom að eftir atvikið varð umræða um borð um að fara þyrfti yfir þetta atriði með nýliðum til að koma í veg fyrir slys;
- að nýliðafræðsla er um borð þar sem farið er yfir öryggis- og björgunarbúnað en minna um verkleig, vanir menn eru sendir út á þilfar með nýliðum og segja þeim til.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til fljótfærni slasaða.